

Stjórn Héraðsskjalasafns Kópavogs

1. fundur 5. febrúar 2001.

Fyrsti fundur stjórnar Héraðsskjalasafns Kópavogs var haldinn mánudaginn 5. febrúar 2001 kl. 16:00 í húsnæði safnsins að Hamraborg 1-3, 3. hæð.

Fundinn sátu stjórnarmennirnir Hilmar Björgvinsson, Gylfi Gröndal og Hjörtur Pálsson ásamt Leó Ingasyni héraðsskjalaverði.

Formaður stjórnar, Hilmar Björgvinsson, setti fund, bauð aðra fundarmenn velkomna og gat þess í upphafi að Héraðsskjalasafn Kópavogs væri stofnun sem nú væri að taka til starfa samkvæmt gildandi lögum, reglugerðum og samþykktum þar um (sbr. einkum 1.-2. lið hér á eftir), en um hlutverk héraðsskjalasafna segir orðrétt á heimasíðu Þjóðskjalasafns Íslands:

"Héraðsnefndir og sveitarstjórnir geta með samþykki stjórnarnefndar Þjóðskjalasafns komið á fót héraðsskjalasöfnum þar sem þau eru ekki til staðar til þess að varðveita skjöl sveitarfélaga og hreppsfélaga. Er þjóðskjalavörður eftirlitsaðili með héraðsskjalasöfnum og heyra þau þannig undir Þjóðskjalasafn. Verkefni héraðsskjalasafna í héraði eru þau sömu og Þjóðskjalasafns á landsvísu."

Formaður lagði síðan fram bréf Kópavogsbæjar, dags. 19. janúar 2001 og undirritað af bæjarritara, þar sem tilkynnt var að á fundi bæjarstjórnar Kópavogs 9. janúar 2001 hefðu verið kjörnir í stjórn Héraðsskjalasafns Kópavogs Hilmar Björgvinsson formaður og með honum í stjórn Gylfi Gröndal og Hjörtur Pálsson. Kosningu varamanna var frestað.

Formaður lagði til að Hjörtur yrði ritari stjórnar og var það samþykkt. Síðan var gengið til dagskrár sem var sem hér segir:

1. Lög og reglugerðir er varða safnið.
2. Hlutverk og viðfangsefni safnsins.
3. Náms- og kynnisferð héraðsskjalavarðar í febrúar 2001.
4. Húsnæðismál.
5. Vefur safnsins.
6. Samskipti við Þjóðskjalasafn Íslands.
7. Samskipti við bæjaryfirvöld í Kópavogi.
8. Önnur mál.

1. Lög og reglugerðir er varða safnið

Héraðsskjalavörður, Leó Ingason, bar stjórnarmönnum kveðju Sigurðar Geirdals bæjarstjóra í tilefni þessa fyrsta fundar, en gerði síðan að beiðni formanns grein fyrir aðdraganda að stofnun safnsins, lögum og reglum um það og hugmyndum um aðstöðu þess og starfsemi á næstunni.

Lögð voru fram eftirtalin gögn:

- a) Bréf Þjóðskjalavarðar, dags. 2. jan. 1998, til bæjarstjórans í Kópavogi þar sem vakin er athygli á skyldu sveitarfélaga til að skila skjölum til Þjóðskjalasafns Íslands og eftirlitsskyldu þess skv. tilgreindum lögum og Kópavogsbær hvattur til þess að stofna héraðsskjalasafn (bæjar-skjalasafn) og fullnægja lagaskyldum sínum um vörslu og skil skjala.
- b) Lög um Þjóðskjalasafn nr. 66/1985 ásamt reglugerð menntamálaráðherra um héraðsskjalasöfn frá 19. maí 1994, svo og skrá frá Þjóðskjalasafni um íslensk héraðsskjalasöfn með ábendingu um hlutverk þeirra.
- c) Samþykkt fyrir bæjarskjalasafn Kópavogs, samþykkt í bæjarstjórn Kópavogs og undirrituð af bæjarstjóra, Sigurði Geirdal, 24. okt. 2000 og staðfest af þjóðskjalaverði, Ólafi Ásgeirssyni, 12. des. 2000, ásamt bréfi hans um staðfestinguna með árnaðaróskum, dags. sama dag. Í bréfinu er tekið fram að bæjarskjalasafn Kópavogs sé héraðsskjalasafn Kópavogsbæjar og Kópavogsbúa.

2. Hlutverk og viðfangsefni safnsins

Héraðsskjalavörður reifaði málið og kvað hlutverk safnsins í meginatriðum vera tvíþætt, stjórnsýslulegt og menningarlegt, sbr. fyrrnefnd gögn og framkomnar upplýsingar, sjá sérstaklega 1.-3. gr. Samþykktar fyrir bæjarskjalasafn Kópavogs.

Til glöggvunar og samanburðar dreifði hann þeim upplýsingum sem prenta má út af Netinu um Borgarskjalasafn Reykjavíkur, en meðal þeirra er skilgreining á hlutverki þess. Á grundvelli þessa lagði héraðsskjalavörður fram eftirfarandi skilgreiningu á tvíþættu hlutverki Bæjarskjalasafns Kópavogs:

1. Stjórnsýsluhlutverk:

- * Leiðbeina bæjarstofnunum um skjalastjórn.
- * Hafa eftirlit með skjalavörslu bæjarstofnana.
- * Varðveita eldri skjöl bæjarins á tryggan hátt.
- * Hafa skjölin skráð og aðgengileg til notkunar.
- * Afgreiða fyrirspurnir úr skjölum samkvæmt gildandi lögum.

2. Menningarhlutverk:

- * Safna og varðveita skjöl um sögu Kópavogs og Kópavogsbúa.
- * Rannsaka og kynna sögu Kópavogs, t.d. með sýningum, fundum, kynningum og þannig efla þekkingu á sögu bæjarins.
- * Stuðla að auknum rannsóknum almennings og fræðimanna á sögu Kópavogs og öllu því er hana snertir.

3. Náms- og kynnisferð héraðsskjalavardar

Héraðsskjalavörður skýrði frá því að honum hefði verið veittur styrkur frá Brüssel til þess að kynna sér skjalavörslu og skjalasöfn í Hollandi á næstunni. Hefði hann samið við bæjaryfirvöld um fararheimild og fyrirkomulag og væri búíð að skipuleggja þriggja vikna ferð í þessu skyni. Leó mun bæði kynna sér starfsemina í hollenska ríkisskjalasafninu og bæjarskjalasöfnum, en lengst verður hann í Haag. Stjórnarmenn lýstu ánægju með þessa náms- og kynnisför og töldu að hún væri farin á réttum tíma.

4. Húsnæðismál

Þegar höfðu verið gerðar ráðstafanir varðandi húsnæðismál safnsins og gert ráð fyrir því að til bráðabirgða verði það í leiguhúsnæði á hluta 3. hæðar í Hamraborg 1-3 og var talað um þrjú ár í því sambandi. Ekki verða þó öll skjöl flutt þangað; hin yngri verða áfram á bæjarskrifstofunum í daglegri umsjá tveggja starfsmanna fjármála- og stjórnáskjalasafns undir yfirumsjón héraðsskjalavardar, en önnur skjöl sem þar komast fyrir verða í Hamraborg 1-3. Þar verður héraðsskjalavörður til húsa, en ekki hefur enn verið gengið frá ráðningu starfsmanns/starfsmanna með honum þar.

Vegna húsnæðis safnsins voru lögð fram eftirfarandi gögn:

- a) Ljósrit af bréfi frá Magnúsi H. Ólafssyni arkitekt (MarkSTOFU), sem er sérfróður um húsnæði skjalasafna, til Ólafs Ásgeirssonar þjóðskjalavardar, dags. 23. maí 2000, um húsnæðisþörf skjalasafns Kópavogsbæjar og hversu húsnæðið í Hamraborg 1-3 hentar fyrir safnið.
- b) Teikning Magnúsar H. Ólafssonar arkitekts af húsnæðinu þar (grunnmynd 3. hæðar í stærðinni A-3) miðað við nýtingu hæðarinnar að hluta fyrir safnið eins og um hefur verið samið, eldri teikning (A4) skv. hugmyndum sem voru uppi um að leigja hæðina alla fyrir safnið og teikning (þversnið, A4) hússins sem m.a. sýnir lofthæð.
- c) Ódags. bréf Magnúsar Arasonar verkfræðings (Verkfræðistofu Bjarna Viðarssonar ehf.) til tæknideildar Kópavogsbæjar um burðargetu gólfplötu á 3. hæð Hamraborgarhússins sem tæknideild hafði beðið hann að reikna út vegna fyrirhugaðrar notkunar hæðarinnar fyrir skjalasafn.

Upplýst var að nokkur ágreiningur væri, einkum um burðarþol hússins, milli þeirra tæknimanna og sérfræðinga sem um húsnæðið hafa fjallað með tilliti til fyrirhugaðra nota, en m.a. hefur málið auk fyrrgreindra verið rætt við hönnuð hússins og viðkomandi bæjarstarfsmenn. Ljóst virðist að vegna of lítils burðarþols sé ekki unnt að nota þar rúlluskápa fyrir skjöl sem nú þykir þó víðast hagkvæmast og hentugast.

Héraðsskjalaverði var falið að leita lausnar á þeim vanda sem húsnæðinu tengist með því að ræða málið við framkvæmdastjóra framkvæmda- og tæknisviðs Kópavogsbæjar, Þórarín Hjaltason.

5. Vefur safnsins

Ráðgert er að koma upp vefsíðu safnsins við fyrstu hentugleika. Héraðsskjalavörður hefur verið í sambandi við Sigurð Björnsson, markaðsstjóra Kópavogsbæjar, sem hefur gefið fyrirheit um að aðstoða hann við það.

6. Samskipti við Þjóðskjalasafn Íslands

Í sambandi við geymsluskrárkerfið ætlar Þjóðskjalasafn að útvega héraðsskjalasafninu geymsluforrit og hefur samkvæmt hlutverki sínu boðist til að vera því innan handar og veita aðstoð og ráð ef þörf krefur.

Stjórnarmenn og héraðsskjalavörður voru sammála um að hann kynnti sér þegar færi gæfist hvaða skjöl kynnu að vera geymd í Þjóðskjalasafni sem varða Seltjarnarneshrepp hinn forna.

7. Samskipti við bæjaryfirvöld í Kópavogi

Í umræðum um þennan lið kom fram að starf Leós Ingasonar sem verið hefur bæjarskjalavörður Kópavogsbæjar undanfarið hefur heyrt undir fjármála- og stjórnsýsluvið, en hjá mörgum öðrum sveitarfélögum heyra söfn hliðstæð héraðsskjalasafni undir menningarmálanefndir eða menningarsvið. Þannig er því t.d. háttað um borgarskjalasafnið í Reykjavík. Að óreyndu og lítt athuguðu máli var talið að sú skipan sem gilt hefði í Kópavogi gæti verið allt eins heppileg, en æskilegt var talið að fá bæjarritara á næsta fund til þess að ræða við hann um fyrirkomulag bókhalds og stjórnskipulega stöðu safnsins í stjórnkerfi bæjarins.

8. Önnur mál

- a) Gylfi Gröndal spurði hvort ljósmyndir heyrðu ekki undir safnið að óbreyttu. Héraðsskjalavörður áleit svo vera, en kvaðst hafa verið hikandi við að ýta undir að of mikið af gögnum bærst að meðan dagleg starfsemi safnsins væri ekki komin í fast horf. Formaður minnti á að 1990 hefði Líf og saga gefið út í fáum eintökum *Ljósmyndir gamla tímans*. Þær ljósmyndir væru gott dæmi um heimildir úr sögu Kópavogs sem ekki mættu glatast. Stjórnarmenn voru sammála um að huga þyrfti að varðveislu ljósmynda eins fljótt og unnt væri.
- b) Héraðsskjalavörður kvaðst vera á förum til Hollands 8. febrúar og var samkomulag um að stjórnin héldi fund aftur sem fyrst eftir að hann kemur heim.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið kl. 18.30.

Hilmar Björgvinsson
formaður

Hjörtur Pálsson
ritari

Gylfi Gröndal

Leó Ingason
héraðsskjalavörður